

GJALDSKRÁ

Fjármálaeftirlitsins vegna afgreiðslu umsókna og útgáfu leyfa skv. 30. gr. laga nr. 11/2008.

1. gr.

Útgefandi, eða eftir atvikum umsækjandi, skal greiða kostnað Fjármálaeftirlitsins við afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis samkvæmt lögum nr. 11/2008, um sértryggð, skuldabréf, samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis skal greiða tímagjald sem nemur kr. 12.500.

3. gr.

Greiða skal útlagðan kostnað vegna afgreiðslu umsóknar og útgáfu leyfis, s.s. aðkeypta sérfræðiaðstoð og ferðakostnað.

4. gr.

Gegn greiðslu kostnaðar afhendist útgefanda, eða eftir atvikum umsækjanda, leyfi samkvæmt lögum nr. 11/2008.

Sé umsókn hafnað eða dregin til baka eftir að athugun Fjármálaeftirlitsins er hafin, greiðir útgefandi, eða eftir atvikum umsækjandi, áfallinn kostnað samkvæmt reikningi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Fjármálaeftirlitsins, sbr. 30. gr. laga nr. 11/2008, öðlast gildi við birtingu.

Fjármálaeftirlitinu, 18. apríl 2008.

Jónas Fr. Jónsson.

Árni Huldar Sveinbjörnsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. maí 2008